

Fregnir af Gröndalshúsi

Á síðasta aðalfundi HÍN var eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags, haldinn 23. febrúar 2008 í Kópavogi, hvetur borgarstjórn og skipulagsráð Reykjavíkur eindregið til þess að standa vörð um Gröndalshús og finna því nýjan stað í Grjótaþorpi, svo sem fram hefur komið hjá borgaryfirvöldum og hæfir menningarsögulegu gildi hússins og ímynd Reykjavíkur sem menningarborgar. Gröndalshús og Hið íslenska náttúrufræðifélag tengjast sterkum böndum. Benedikt Gröndal var fyrsti formaður félagsins og í húsi hans var um tíma fyrsti sýningarsalur á náttúrugripasafni félagsins og þar með þjóðarinnar. Varðandi framtíðarhlutverk Gröndalshúss eru hlutaðeigandi aðilar hvattir til þess að gefa náttúrufræðilegri sögu hússins gaum, t.d. með því að nýta það sem fræðimannaþúð eða hafa þar fundaraðstöðu fyrir frjáls félagasamtök á sviði náttúrufræða.“

Rafrænn Náttúrufræðingur

Stjórn HÍN samþykkti nýlega að ganga til samstarfs við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn um rafræna skráningu á Náttúrufræðingnum og aðgengi að tímaritinu á veraldarvefnum. Stefnt er að því að elstu árgangarnir verði aðgengilegir á veraldarvefnum í lok árs 2009. Vonast er til að með þessu móti aukist útbreiðsla og lestur tímaritsins. Vegna þessa verkefnis ákvað stjórn félagsins að hækka árgjald nemenda í 2900 kr., almennt gjald í 3900 kr. og hjónagjald í 5000 kr. Árgjaldi HÍN var síðast breytt á árinu 1998.

Hið íslenska náttúrufræðifélag
Afgreiðsla: Náttúrufræðistofa Kópavogs - Hamraborg 6a, IS-200 Kópavogur
Sími: 570 0430
Netfang: hin@hin.is
Heimasíða: hin.is
Ábm. og ritstj. félagsbréfs: Hilmar J. Malmquist



Félagsbréf

2. tölublað

September 2008

33. árgangur

Fræðsluerindin hefjast á ný

Dagskrá fræðsluerinda á vegum HÍN veturinn 2008–2009 liggur ljós fyrir að mestu leyti og verður eftirfarandi:

Mánudaginn 29. september. Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á lífríki Íslands. Dr. Snorri Baldursson og dr. Bjarni Diðrik Sigurðsson.

Mánudaginn 27. október. Jöklabreytingar og loftslag. Fil. kand. Oddur Sigurðsson.

Mánudaginn 24. nóvember. Verndun og varðveisla íslenskra hraunhella. Cand. med. Árni B. Stefánsson.

Mánudaginn 26. janúar. Lífríki Mývatns. Dr. Árni Einarsson.

Mánudaginn 23. febrúar. Pokadýr Ástralíu. M.Sc. Rannveig Magnúsdóttir.

Mánudaginn 30. mars. Efni tilkynnt síðar.

Mánudaginn 27. apríl. Efni tilkynnt síðar.

Fræðsluerindi HÍN eru haldin í stofu 132, í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Aðgangur að fræðsluerindum HÍN er ókeypis og öllum heimill.

Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á lífríki Íslands

Fyrsta fræðsluerindi HÍN í vetur verður haldið **mánudaginn 29. september 2008** og fer það fram í **stofu 132, Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands**. Það eru líffræðingarnir **dr. Snorri Baldursson** og **dr. Bjarni Diðrik Sigurðsson** sem ríða á vaðið. Erindið kalla þeir „**Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á lífríki Íslands**“ og byggist það á rannsóknum síðustu ára og nýútkominni skýrslu umhverfisráðuneytisins um hnattrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra hér á landi.

Ágrip erindis

Samkvæmt nýlegum rannsóknum hefur loftslag farið hlýnandi hér á landi sem annars staðar á undanförunum árum og hafa síðustu fimm árin verið með þeim hlýjustu sem mælst hafa. Umtalsverðar breytingar hafa orðið á lífríki landsins á sama tíma, en þar sem rannsóknir eru takmarkaðar er oft erfitt að greina á milli breytinga sem stafa af hlýnun loftslags og þeim sem stafa af breytingum á atvinnuháttum og landnotkun, einkum fiskveiðum og búfjárbreit. Í erindinu verður fjallað um þær breytingar sem þegar eru merkjanlegar á gróðurfari og dýralífi til lands og sjávar og reynt að spá fyrir um frekari breytingar sem verða á öldinni gangi spár vísindamanna um loftslagsbreytingar af mannavöldum eftir.

Um höfundana

Snorri Baldursson er doktor í hagnýtri plöntuerfðafræði en hefur sinnt stjórnunarstörfum við Náttúrufræðistofnun Íslands undanfarin ár. Hann er nú í leyfi frá stofnuninni og vinnur að bók um vistfræði Íslands.

Bjarni Diðrik Sigurðsson er doktor í skógvistfræði og prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands þar sem hann vinnur við kennslu og rannsóknir í skógvistfræði og trjálífeðlisfræði.

Náttúruminjasafn Íslands

Á síðasta aðalfundi HÍN var eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags, haldinn 23. febrúar 2008 í Kópavogi, fagnar setningu laga um Náttúruminjasafn Íslands vorið 2007 og vonast til þess að málefni þess séu loksins komin í góðan farveg. Jafnframt er minnt á ályktanir fyrri aðalfunda félagsins til margra ára um málefni Náttúruminjasafns Íslands, höfuðsafns íslensku þjóðarinnar í náttúrufræðum, sem félagið hefur sett á oddinn í meira en heila öld. Hið íslenska náttúrufræðifélag hvetur menntamálaráðherra og aðra hlutaðeigandi aðila til að beita sér næstu árin af fullum þunga fyrir því að ráðast í byggingu veglegs náttúruminjasafns, sem hafi aðsetur á höfuðborgarsvæðinu, helst í miðborg Reykjavíkur í námunda við önnur höfuðsöfn þjóðarinnar.

Félagið leggur ríka áherslu á mikilvægi þess að vanda vel til allrar vinnu sem snýr að stefnumótun og skipulagningu á starfsemi hins nýja safns. Brýnt er að Náttúruminjasafn Íslands starfi í nánum vísindalegum tengslum við þá fjölmörgu aðila sem rannsaka, unna og sýsla með náttúru landsins. Í þessu sambandi ber einkum að horfa til Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem umfram flestar aðrar opinberar rannsóknarstofnanir hefur lögboðnum skyldum að gegna á sviði almennrar skráningar íslenskrar náttúru. Hið íslenska náttúrufræðifélag minnir á samofna sögu og tengsl félagsins við Náttúrugripasafn Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands og nú síðast Náttúruminjasafn Íslands og væntir góðs samstarfs við ráðuneyti mennta- og umhverfismála um framtíðarmálefni Náttúruminjasafns Íslands.“